

Að sækja hjálp og hringja í 1-1-2

- Leiðbeiningar fyrir kennara-

Tímalengd: 15 – 30 mínútur.

Kennslugögn: Blöð og pennar.

Kennslutillaga

Umræður: Ræða við börnin hversu mikilvægt er að hringja sem fyrst eftir hjálp í Neyðarlínuna 1-1-2 eða biðja aðra að gera það ef eitthvað alvarlegt kemur upp á. Þegar hringt er í Neyðarlínan þurfa eftirfarandi atriði að koma fram:

- Hver hringir.
- Hvar slysið varð.
- Hvað kom fyrir.
- Hve margir eru slasaðir.

Verkefni: Láta hvern og einn nemanda teikna mynd af þeim atriðum sem þurfa að koma fram þegar hringt er í Neyðarlínuna, t.d. eitt tákn fyrir hvert atriði sem segja skal þ.e. hver hringir, hvar slysið varð, hvað kom fyrir og hve margir eru slasaðir. Dæmi: Sjálfsmynd og símanúmer viðkomandi, mynd af staðsetningu fórnarlamb og því sem hefur gerst, fjölda slasaðra og ástand þeirra.

Leikur: Börn geta lært númerið 112 með því að hugsa um einn munn, eitt nef og tvö augu. Gott er að láta börnin benda með einum fingri fyrst á einn munn, eitt nef og síðan með tveimur fingrum á bæði augun og láta þau þylja upp númerið einn, einn, tveir um leið og þau gera þetta. Benda þeim á að þau geta ef til vill kennt yngri systkinum eða vinum númerið.

Nánari upplýsingar

Hvað gerirðu?

- Við neyðaraðstæður er mikilvægt að hringja sem fyrst eftir hjálp eða biðja aðra að gera það. Neyðarlínan þarf að fá upplýsingar um hver hringir, hvar slysið varð, hvað kom fyrir og hve margir eru slasaðir.
- Ekki leggja á nema símvörður Neyðarlínunnar segi til um það.
- Neyðarsímvörður getur gefið leiðbeiningar um hvernig best sé að meðhöndla slasaða eða sjúka.
- Það er hægt að hringja í 1- 1- 2 þó sími sé lokaður eða engin inneign til að hringja.
- Börn geta lært að hringja í 112. Því á ekki að segja 112 (hundrað og tólf) heldur 1-1-2 (einn, einn, tveir).
- Sjá myndband úr Kastljósi sem fjallar um Neyðarlínuna.